

ALLTAF Á SUNNUDÖGUM

enn á

STÆRRA

OG EFNISMEIRA BLAÐ!

BRAGI ÁSGEIRSSON SKRIFAR UM SÝNINGU HARÐAR ÁGÚSTSSONAR

FERÐAST Í ÞOKU MEÐ PSYCHIC TV

TÆKNIBYLTINGIN
— Rætt við Jón A. Skúlason, póst- og símamálastjóra.

FÓLK ER FARIÐ AÐ ÞREYTAST Á KLÁMI

GEIMFERÐASTOFNUN BANDARÍKJANNA 25 ÁRA

Á HÁRGREIÐSLU-SÝNINGU Á BROADWAY

RAUNIR HINNA RÍKU

ÖRDEYÐA EÐA MOKVEIÐI
— Veiðisögur frá síðasta sumri.

EINVÍGI KASPAROVS OG KORCHNOIS

Morgunblaðið

Sunnudagurinn byrjar á síðum Moggans

Ný plata með Anne og Garðari:

Jólaplata sem endist allt árið um kring

ÞÚ REISTIR mig upp heitir ný hljómplata með hjónunum Anne Marie Antonsen og Garðari Sigurgeirssyni, en þau eru kunn fyrir flutning trúarlegrar tónlistar af léttara tagi, svokallaðar „gospel-tónlistar". Fyrir tæpum tveimur árum sungu þau, ásamt Ágústu Ingimarsdóttur, inn á hljómplötuna „Kristur konungur minn", en sú plata náði miklum vinsældum og hefur selst í um 15 þúsund eintökum. Í kjölfar þeirrar plötu var gerður sjónvarpsþátturinn „Lífið við mig leikur nú", sem fékk góðar viðtökur og var til þess að þau Anne, Garðar og Ágústa fóru um landið og sungu söngvana af plötunni við undirleik Magnúsar Kjartanssonar og fleiri tónlistarmanna. Magnús Kjartansson lék einnig mikilvægt hlutverk við gerð nýju plötunnar, „Þú reistir mig upp", hann útsetti flest lögin, stjórnaði upptöku, auk þess að syngja með og leika undir.

Á hljómplötunni eru þrettán lög, flest erlend, við ljóð Garðars Sigurgeirssonar og Sigurðar Ægissonar. Tvö lög eru eftir Magnús Kjartanssonar og eitt eftir Eyþór Stefánsson við ljóð Jakobs J. Smára. Platan var hljóðrituð í Supreme-hljóðverinu í Stokkhólmi í september sl., og eru allir hljóðfæraleikararnir utan Magnúsar sænskir. Blm. spjallaði nýlega við þau Anne, Garðar og Magnús um nýju plötuna og spurði þau hjónin fyrst hver tilgangurinn væri með því að hafa alla textana trúarlegs eðlis.

„Það er einfalt að svara því, við erum að flytja boðskap og til þess eins er leikurinn gerður," svaraði Garðar. „Við erum bæði trúuð og lítum á það sem skyldu okkar að að boða kristna trú. Og þetta er mjög góð leið til þess."

— Nú eru þið bæði meðlimir í Hvítasunnusöfnuðinum. Mótar sú staðreynd ykkar boðskap?

„Nei, engan veginn. Það skiptir í sjálfu sér engu máli hvaða kristnum söfnuði fólk tilheyrir," segir Garðar. „Það er meira spurning um hvar menn finna sig. Hvítasunnusöfnuðurinn er okkar söfnuður og okkur þykir óskaplega vænt um hann. Það þýðir ekki að aðrir séu verri. Ég er til dæmis mikill Frammari og gæti ekki hugsað mér að ganga í Val. En mér dettur ekki í hug að halda því fram að það séu lélegri knattspyrnumenn í Val en Fram."

— Hvað með þig, Magnús. Ert þú genginn í Hvítasunnusöfnuðinn?

„Þetta er furðuleg spurning, en kannski á hún alveg rétt á sér. Ég hef nefnilega orðið var við það að kunningjar og vinir eru farnir að velta því fyrir sér hvort ég sé kominn með „trúardellu" og þar með endanlega genginn af vitinu. Furðulegir fordómar sem fólk hefur. Nei, ég er ekki genginn í Hvítasunnusöfnuðinn, þótt ég sé vissulega trúaður á mína vísu."

— Hvernig bar það til að þú fórst að vinna með þeim Garðari og Anne?

„Garðar var eini maðurinn sem gat klippt mig almennilega, enda margfaldur Íslandsmeistari í hárskurði, og við fórum að ræða þessi mál saman yfir klippingu. Og mér fannst allt í lagi að athuga málið. Við gerðum þarna eina plötu, sem fékk viðtökur framar okkar bestu vonum. Seinna fórum við að spila saman og syngja á samkomum, og jukum þá smá saman við prógramið. Nú, þegar það svo kemur í ljós að þau Garðar og Anne ætla að „flygja land", en þau fluttu til Noregs í vor, þá áttum við í sarpi okkar töluvert af lögum sem okkur fannst tilvalið að koma á plötu.

Það var ákveðið að gera þetta í Svíþjóð, í hljóðveri sem er eitt það fullkomnasta á Norðurlöndunum og þótt víðar væri leitað. Ég er á því að það hafi verið mjög viturleg ákvörðun, því við vildum reyna að fá fram hreinan og fínan „kirkjulegan" tón, en til þess þarf fullkomin bergmálstæki. Og bergmálstækin í þessu hljóðveri eru ein sér dýrari en fullbúið íslenskt stúdíó."

— Garðar, er þetta dæmigerð jólaplata?

„Það held ég ekki. Það eru að vísu fjögur lög á plötunni sem falla mjög vel að jólahátíðinni, en kristin trú er ekki bundin við einn dag á ári og því eiga þessi lög við allt árið um kring. En það má kannski segja að þetta sé jólaplata sem endist allt árið."

Klukkan 17 í dag munu þau Anne og Garðar kynna nýju plötuna í Fíladelfíukirkjunni, Hátúni 2. Allir eru velkomnir.



Aðstandendur plötunnar „Þú reistir mig upp". Frá vinstri: Magnús Kjartansson, Garðar Sigurgeirsson og Anne Marie Antonsen. Morgunblaðið/KÖE.

Kristileg skólasamtök:

Tímaritið „Vegurinn" komið út

ÚT ER kominn „Vegurinn", Kristilegt skólablað, 37. árg., 2. tbl. Útgefandi er Kristileg skólasamtök, KSS. Í blaðinu eru greinar, sögur og viðtal. M.a. grein um Lúther eftir sr. Ólaf Jóhannsson, o.fl.

Blaðinu er dreift ókeypis til allra unglinga á aldrinum 13—20 ára á Stór-Reykjavíkursvæðinu og nokkurra presta úti á landi.

KSS heldur fund í kvöld, 19. nóv., kl. 20.30, í húsi KFUM og K, að Amtmannsstíg 2b, og er yfirskrift þessa fundar: Til hvers er ég?

Leiðrétting

RANGT var farið með nafn framkvæmdastjóra Árborgar hf., eiganda skuttogarans Bjarna Herjólfssonar, í blaðinu í gær. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins heitir Kristinn Halldórsson. Guðmundur Hólm Indriðason, sem rætt var við í Mbl. í gær, er stjórnarformaður Árborgar hf. Blaðið birst velvirðingar á þessu mishermi.

Kvenfélag Garðabæjar:

Kökubasar í Safnaðarheimilinu

KVENFÉLAG Garðabæjar heldur kökubasar í safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli í dag, laugardag. Verða þar á boðstólum kökur, laufabrauð, jólamunir og fleira.



Morgunblaðið/ KOE

Ingunn Eydal opnar fyrstu einkasýningu sína á málverkum.

Ingunn Eydal með sýningu á olíumálverkum

Ingunn Eydal opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum laugardaginn 19. nóvember. Þetta er fyrsta einkasýning Ingunnar á málverkum og er haldin í tilefni þess að 1983 hlaut hún starfslaun Reykjavíkurborgar og sýnir nú afraksturinn. Á sýningunni eru 44 olíumálverk, flest máluð á þessu ári. Efni myndanna sækir Ingunn að eigin sögn í sitt nánasta umhverfi og hugleiðingar um daglegt líf.

Ingunn nam grafík við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og hefur tekið þátt í um 50 grafíksýningum hér heima og víða erlendis, svo sem í Finnlandi, Svíþjóð og í Bandaríkjunum.

Sýning Ingunnar opnar klukkan tvö á laugardag og er opin daglega frá kl. 14—22. Opnunardaginn er þó lokað milli fimm og sjö. Sýning hennar stendur til 4. desember.